

- 194 Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923,
7. okt. til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. október 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

- 195 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Framfarasjóð Akraness“, útgefin
11. okt. á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. október 1943.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framfarasjóð Akraness.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framfarasjóður Akraness og er eign Akraneskaupstaðar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. hluti bæjarins af stríðsgróðaskatti fyrir 1941;
2. árlegt framlag frá bæjarsjóði Akraness, er nema allt að 5% — fimm af hundraði — af árlegum álögðum útsvörum, þó aldrei minna en 5000 — fimm þúsund — krónur á ári þar til sjóðurinn er orðinn ein milljón krónur;
3. vaxtatekjur, gjafir og aðrar tekjur, sem sjóðnum kann að áskotnast, þar á meðal hluti af óvissum tekjum bæjarsjóðs, eftir ákvörðun bæjarstjórnar í desembermánuði ár hvert.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða annarri jafntryggri stofnun, í bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða öðrum jafntryggum verðbréfum, að svo miklu leyti, sem hann verður ekki ávaxtaður samkv. 4. gr.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja og efla framfarir á þann hátt, sem hér segir:

1. Bæjarstjórn má í janúarþarmánuði ár hvert, í fyrsta sinn í janúarþarmánuði 1943, taka lán allt að $\frac{3}{4}$ — þrem fimmtu — hlutum sjóðsins til þeirra framkvæmda, er hér greinir: til hafna- og lendingarþóta, sjóvarnargarða, sjúkrahúsbygginga, vatnsleiðslu, vatnsaflsvirkjunar, gistihúsbyggingar, skólp-ræsagerðar, skólahúsbyggingar, landa- og jarðakaupa, vegalagninga, jarðræktar, girðinga um ræktunarland eða heitiland, bæjarhúsbyggingar, fjósbyggingar til sameiginlegra afnota fyrir bæjarbúa, trjáræktar og skrudðgarðs.
Lán samkvæmt þessum lið má veita til allt að 25 ára. Vextir skulu vera sem hér greinir: Þar til sjóðurinn er orðinn 500000 kr. skulu vextir vera 5% — fimm af hundraði — en úr því 4% — fjórir af hundraði —. Þegar sjóðurinn er orðinn ein milljón krónur má lækka vexta í 3% — þrjá af hundraði —, en þegar hann er orðinn fimm milljónir í 2% — tvo af hundraði —.
2. Heimilt er sjóðstjórninni að veita lán allt að $\frac{3}{4}$ — tveim fimmtu — hlutum sjóðsins:

- a. til skipabygginga allt að 75% af vátryggingarmatsverði gegn fyrsta og eða öðrum veðrétti skipsins eða skipanna, og eða öðrum tryggingum, sem sjóðsstjórnin metur gildar. Lán þessi má veita til allt að 15 ára með sömu ársvöxtum og Fiskveiðasjóður Íslands lánar á sama tíma. Við eigendaskipti hafi Akraneskaupstaður forkaupsrétt að þeim skipum, sem standa að veði fyrir lánnum úr sjóðnum; 11. okt. 195
- b. til verkamannabústaða allt að fasteignaverði hússins eða húsanna út á fyrsta og eða annan veðrétt. Lán þessi má veita til 25 ára gegn 3% — þremur af hundraði — ársvöxtum.

5. gr.

Ekki má veita bæjarsjóði lán úr sjóðnum, nema bæjarstjórn hafi árlega lagt í sjóðinn 5000 — fimm þúsund — krónur hið minnsta, samanber þó niðurlag 2. greinar. Ekki má heldur veita lán úr sjóðnum nema sá, sem lán er veitt, sé skuldlaus við sjóðinn með vaxta- og afborgunargreiðslur.

6. gr.

Sjóðsstjórnin skal skipuð þremur mönnum búsettum á Akranesi, er bæjarstjóra kýs til fjögurra ára í senn, í fyrsta sinn til 6 ára. Skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu, og skal ávallt a. m. k. einn þeirra vera utan bæjarstjórnar. Þrjú varamenn í stjórn skal kjósa samtímis og á sama hátt.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir hann og færa inn í hana skipulagsskrá þessa, umsóknir um lán úr sjóðnum, lánveitingar og annað, er varðar hag og rekstur hans. Henni ber að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning hans.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal stjórnin birta ársreikning hans í Lögbingingablaðinu. Bæjarstjórn kýs endurskoðendur.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

10. gr.

Skipulagsskrá þessa skal birta í B-deild stjórnartíðindanna.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 111 10. sept. 1936, um goddrykki.

196

12. okt.

1. gr.

Aftan við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Goddrykki, sem í er koffeín, skal auðkenna með tilliti til þess og skrá koffeínmagnið í mg á hverja flösku.

2. gr.

Upphaf 6. greinar reglugerðarinnar skal orða svo:
Sérstaklega er óheimilt að búa til þær vörur, sem nefndar eru í 1.—4. gr. þessarar reglugerðar, á þann hátt, að í þeim sé: